

Nemendur hljóta verðlaun fyrir jöklaverkefni

Sameinuðu Þjóðirnar hafa valið þann 21. mars ár hvert sem alþjóðadag jökla og helguðu árið 2025 jöklum á hverfanda hveli. Markmiðið er að auka áhuga fólks og þekkingu á jöklum og aðgerðum til að sporna við bráðnun þeirra sem hefur verið alvarleg á síðustu áratugum.

Í tilefni af þessum fyrsta degi jökla efndi félag Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi til samkeppni með al barna og ungmenna á aldrinum 10-20 ára þar sem óskað var eftir verkum sem varpa ljósi á mikilvægi og eðli jökla, fegurð þeirra og hverfuleika.

Nemendur í 5. og 6. bekk Lýsu-deildar Grunnskóla Snæfellsbæjar tóku þátt í samkeppninni með myndbands- og ljóðaverkefni um jökla, undir leiðsögn kennara síns Silju Sigurðardóttur, og urðu þess heiðurs aðnjótandi að verkefnið varð meðal þeirra sem valin voru til verðlauna, en það vakti sérstaka athygli dómnefndar fyrir frumleika, dýpt og sköpunargleði.

Verðlaunaafhendingin fór fram föstudaginn 21. mars í Veröld, húsi Vigdísar, og það voru



Hanþ Henrik, Soffía Margrét, Guðni Th. Jóhannesson, Árelía Ósk, Berglind Bára og Þuríður Halla. Myndirnar tók Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir.

glaðir og stoltir nemendur sem veittu þar viðtöku hrósi, gjafabréfi í jöklaferð og fróðlegum og skemmtilegum bókum um jökla. Þá sátu þeir viðburðinn allan og hlýddu á jökla- og loftslagserindi

leikra sem lærðra.

Verkefnin sem fengu viðurkenningu fara á sýningu Náttúruminjasafns Íslands á 2. hæð

í Perlunni en sýningin er hluti af Barnamenningarhátíð 2025 og verður opnuð þann 6. apríl nk.



Nemendur taka við verðlaunum ásamt kennara sínum, Silju Sigurðardóttur.

Styrkir veittir úr Lýðheilsusjóði

Fimmtudaginn 27. febrúar síðastliðinn var athöfn á Hilton Reykjavík Nordica þar sem Alma D. Möller Heilbrigðisráðherra úthlutaði styrkjum úr Lýðheilsusjóði. 153 styrkjum var úthlutað til verkefna og rannsókna fyrir rúmar 98 milljónir króna. Verkefnin voru fjölbreytt og ætluð öllum aldurshópum um allt land. Grunnskóli Grundarfjarðar sótti um og fékk styrk fyrir bæjarhlaupi en skólinn hefur haldið stórglæsilegt litahlaup undan-

farin ár. Styrkurinn hljóðaði upp á 300.000 krónur en litahlaupið verður haldið í vikunni 21.-28. maí. Líkt og undanfarin ár mun dagsetning koma í ljós þegar nær dregur en hún fer eftir veðri. Snæfellsbær fékk einnig 200.000 króna styrk til framkvæmdar á miðnætursundi á Snæfellsnesi 2025. Miðnætursund hefur slegið í gegn hjá bæjarbúum en þá er sundlaugin opin lengur og uppbrot er á starfsemi hennar.

JJ

Hafkaup

www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Mislitir sokkar á Downs deginum

21. mars er alþjóðlegi Downs-dagurinn. Sameinuðu þjóðirnar lýtu fyrst yfir þessum degi árið 2011 og hefur hann verið árlegur viðburður síðan. Dagsetningin 21. mars er táknræn og vísar til þess að Downs orsakast af aukalitningi í litningapari 21. Í til efni dagsins er fólk hvatt til að klæðast mislitum sokkum til vit-

undarvakningar. Skólar og leikskólar auk annarra vinnustaða og einstaklinga tóku þátt í deginum með því að skella sér í sitt-hvorn sokkinn eða prýða sig með húðflúri sem Downs félagið fékk Örna Dís Ólafsdóttur og Lóu Hlín Hjálmtýsdóttir til þess að hanna fyrir daginn í ár, myndina sem er á húðflúrinu má einnig fá bolla,



Óskum eftir:

Öllum tegundum fasteigna á söluskrá.
Áratuga reynsla og traustir vinnuferlar.

Hringdu ef þú ert í söluhugleiðingum.

Áratuga reynsla mín og
ágæti minna samstarfsmanna
getur hentað þér við verðmöt,
kaup og sölu fasteigna.



Bogi

Löggiltur fasteignasali

6993444

Molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



töskur og boli. Kolfinna Jónsdóttir, nemandi í 5. bekk í Grunnskóla Snæfellsbæjar gaf öllum í bekknum sínum slík húðflúr og sýndu samnemendur hennar samstöðu á Downs daginn líkt og sést á meðfylgjandi mynd. Kolfinna var þó fjarri góðu gamni þar vegna þess að hún ásamt forldrum sínum, Gunnhildi Kristný Hafsteinsdóttur og Jóni Bjarka Jónatans-

syni, og öðrum fulltrúum úr Félagi áhugafólks um Downs-heilkenndið, heimsóttu forsetahjónin Höllu Tómasdóttur og Björn Skúlason á Bessastaði í tilefni dagsins. Þar var Höllu og Birni afhent mislita sokka sem ætlað er að fagna fjölbreytileikanum og áttu viðstaddir þar notalega stund saman og héldu upp á daginn.

Leiðir til byggðarfestu

Leiðir til byggðarfestu er verkefni sem snýr að eflingu nýsköpunar á sauðfjárræktarsvæðum á Íslandi. Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV), Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) standa sameiginlega að verkefninu. Það er unnið með styrk frá innviðaráðuneytinu til að efla byggð á því landsvæði sem mest á undir sauðfjárrækt. Með verkefninu er hvatt til nýsköpunar og verðmætasköpunar. Áherslan er fyrst og fremst á lögbýli á strjálbýlum svæðum og er litið til Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Strandabyggðar, Kaldrananes-hrepps, Árneshrepps og Húnaþings vestra.

Fimm námskeið eru í dagskrá í apríl, í lok mars hefst þriggja daga netnámskeiðið Rekstur lítilla fyrirtækja með Jóni Snorra Snorrasyni, prófessor við Há-

skólann á Bifröst. Um miðjan apríl verður námskeið í Þróun í landbúnaði - áskoranir og tækifæri með Helga Eyleif lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands og þriggja daga námskeið á netinu í markaðssetningu á netinu með Ragnari Má Vilhjálmssyni lektor við Háskólann á Bifröst. Undir lok apríl verða svo tvö námskeið í Grunnskólanum á Reykhólum. Annars vegar Grafið kjöt og hins vegar Ostagerð en Þórhildur Jóns frá Farskólanum sér um þau bæði.

Hægt er að skrá sig á námskeiðin með því að senda tölvupóst á netfangið hlediss@gmail.com eða endurmenntun@bifröst.is.

Nánari upplýsingar um verkefnið Leiðir til byggðarfestu er hægt að finna á vefsíðunni www.vestfiridir.is

SJ



Hunda- og kattahreinsun í Ólafsvík

Eigendum hunda og katta er bent á að mánudaginn 31. mars 2025 verður hreinsun fyrir hunda og ketti í Áhaldahúsinu.

Hundahreinsun verður frá kl. 13:00 - 16:00

Kattahreinsun verður frá kl. 16:00 - 17:00

Þau sem láta hreinsa og bólusetja hunda og ketti annars staðar eru vinsamlega beðin að koma tilkynningum um slíkt til bæjarskrifstofu.

Eigendum óskráðra hunda og katta er bent á að skrá þá þegar í stað. Eyðublað má finna á heimasíðu Snæfellsbæjar.



Heimsókn frá safnkennara Árnastofnunar

Í síðustu viku kom Marta Guðrún Jóhannesdóttir safnkennari við Árnastofnun í heimsókn í tengslum við verkefnið Hvað er með ásum, sem 3.-4. bekkur hafa unnið að síðastliðnar vikur. Verkefnið er fræðslu- og listsköpunarverk fyrir nemendur byggt á norrænni goðafræði. Tilkoma verkefnisins er opnun nýrrar handritasýningar „Heimur í orðum“ í Eddu. Marta kom með eftirlíkingu af Flateyjarbók og kynnti fyrir nemendum hvernig hand-

ritin voru unnin og fengu nemendur að spreyta sig á að skrifa með fjaðurstaf og bleki á skinn. Heimsókn Mörtu mæltis vel meðal nemenda sem voru mjög áhugasöm og fengu nemendur boðsmíða á sýninguna, frítt er inn á sýninguna fyrir ungmenningri en 18 ára en nemendur geta boðið fullorðnum með sér. Við fengum einnig góða gesti frá Lýsuhól en nemendur þaðan komu og tóku þátt í kynningunni með 3.-4. bekk og eftir hádegi mættu 5.-6. bekkur



á kynningu hjá Mörtu. En 6. bekkur hefur verið að læra um Snorra Sturluson höfund Snorra -Eddu og var það kærkomið tækifæri fyrir þau að fá að sjá hvernig handritin voru skrifuð á hans tíma.

Nánari upplýsingar um sýninguna Heimur í orðum má fá með því að lesa QR kóðan sem fylgir greininni.



Sauðburður hafinn á Álftavatni

Á Álftavatni í Staðarsveit er sauðburður hafinn í fyrra fallinu í ár. Þar fæddust lambadrottning og lambakóngur laugardaginn 22. mars og daginn eftir fylgdu tveir hvítir hrútar. Öll lömb fóru nánast strax á fætur og á spena og segir Ragnhildur Sigurðardóttir, bóndi á Álftavatni með meiru, að lambalykt sé engu lík. Hún reiknar þó með að hinar um það bil 500 kindurnar á bænum beri ekki fyrr en á eðlilegum tíma, það er í lok apríl og maí, en verður þá heldur meira umstang í fjárhúsunum en síðastliðna helgi.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Kirkjugarðurinn í Ólafsvík

Kirkjugarðurinn í Ólafsvík auglýsir eftir starfskrafti til að slá garðinn sem og kirkjugarðinn á Völlum sumarið 2025.

STARFS LÝSING:

Um er að ræða fjórar umferðir á kirkjugarðinn í Ólafsvík yfir sumarið og amk tvisvar sinnum yfir kirkjugarðinn á Völlum. Verktaki útvegar sjálfur sláttutækin.

Vinsamlegast hafið samband við formann sóknarnefndar Ólafsvíkurkirkju, Baldvin Leif Ívarssonar fyrir 1. maí 2025 gsm 897 6291

Sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

OPNUNARHÁTÍÐ

VIÐBYGGING LEIKSKÓLINN KRÍLAKOT

Fimmtudaginn 27. mars frá kl. 15:45 -
17:15 bjóðum við gestum og
gangandi að kíkja við hjá okkur og
skoða nýju viðbygginguna við
skólann okkar.
Boðið verður upp á léttar veitingar.



27. mars 2025
Klukkan 15:45 -17:15



Brúarholt 9 ,Ólafsvík



TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025

Allar upplýsingar veita Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is

Ungir mættu eldri í skák

Einvígi aldarinnar var haldið í Áttahagstofu Snæfellsbæjar þann 21. mars síðastliðinn. Einvígi aldarinnar er árlegt taflmót Taflfélags Snæfellsbæjar þar sem ungir skákmenn mæta þeim eldri. Góð þátttaka var á mótinu en Barna og unglingasveit Taflfélagsins var skipuð 11 manns og lið þeirra eldri var skipað níu reynsluboltum. Einvíginu lauk með góðum sigri barna og unglingasveitar Taflfélags Snæfellsbæjar. Þessi sigur gefur unga fólkinu byr í seglin sem mun nýtast þeim í framtíðinni. Starfsemi Taflfélags Snæfellsbæjar fer sívaxandi og er ávallt mikil gleði þegar taflfélagar koma saman. Að móti loknu var boðið



upp á pizzur og gos og barna og unglingasveitin tók á móti verð-

launapeningum fyrir sigurinn. Á meðfylgjandi mynd eru keppendur í Einvígi aldarinnar ásamt Sig-

urði Scheving, skákskólastjóra Taflfélags Snæfellsbæjar.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Snæfellsnes; fólksfjölgun en hlutfallsleg fækkun

Í síðasta tölublaði voru birtar upplýsingar um þróun fólksfjölda í sveitarfélögum a Snæfellsnesi. Árið 2015 var heildarfjöldinn 3821 og tíu árum seinna var fjöldinn 3904. Íbúum hafði fjölgað um 83. Á sama tíma fjölgaði íbúum í öllu landinu um 64734. Það er því allveg ljóst að a Snæfellsnesi a ser stað hlutfallsleg fækkun. Fjölgun

er auðvitað mest a höfuðborgarsvæðinu. Um 80000 erlendir ríkisborgarar búa ná a landinu. Stór hluti þeirra ætla að búa hér til langframa. Það er óvenjumikil samþjöppun fólksfjölda a höfuðborgarsvæðinu ef miðað er við nálæg lönd.

Reykjavík. 18.3.2025
Hrafn Arnarson

Hopp komið á göturnar

Rafskúturnar frá Hopp eru komnar úr vetrardvala og má nú sjá grænblá hlaupahjólin þeytast um götur bæjarins. Í apríl 2023 skrifuðu rekstraraðilar Hopp á Snæfellsnesi og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar undir samstarfsýrslýsingu vegna reksturs á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Snæfellsbæ og hefur samstarfið gengið vel síðustu tvö árin. Í upphafi setti Snæhopp, rekstraraðilar Hopp á Snæfellsnesi, 20 rafskútur á götur þéttbýliskjarna sveitarfélagsins og nú tveimur árum seinna verður þeim fjölgað í um 30 hjól. Friðþjófur Orri Jóhannsson, Benedikt Gunnar Jensson og Lilja Hrunn Jóhannsdóttir sjá um rekstur Snæhopp. Í ár hefur Snæhopp hætt rekstri í Grundar-

firði en munu á sama tíma fjölga hjólum í Snæfellsbæ og Stykkishólmi.

SJ



Teiknað í járn í 3 veggir



Opnun nýrrar listsýningar fór fram um liðna helgi í galleríinu 3 Veggir á Hellissandi. Helgi Gíslason er höfundur sýningarinnar sem ber nafnið Teiknað í járn. Helgi á 50 ára sögu að baki í listsköpun. Hann lærði Háskólanum í Gothenburg og hefur sýnt

verk sín um allan heim. Hann hefur unnið fjölda verðlauna og styrkja fyrir listsköpun sína og hefur hann haldið listsýningar á öllum helstu sýningarstöðum landsins. Opnunin var vel sótt en Helgi hélt tölu um verk sín á opnuninni.

ATVINNA

Hafnir Snæfellsbæjar auglýsa hér með eftir tveimur starfsmönnum til sumarafleysinga við Ólafsvíkurhöfn og Rifshöfn. Viðkomandi munu einnig þurfa að vinna við Arnarstapahöfn.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára gamlir.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kjalar stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2025 og skulu umsóknir sendar til hafnarstjóra.

Nánari upplýsingar gefur hafnarstjóri í síma 433-6922 og 863-1153, einnig á netfangi bjorn@snb.is

Hafnarstjóri.



**HAFNIR
SNÆFELLSBÆJAR**



Lengjubikar lokið



Víkingur tók á móti Augnablik laugardaginn 22. mars á Ólafsvíkurvelli. Víkingar fóru með 1-0 sigur en Luis Romero Jorge skoraði eina mark leiksins á 53 mínútu. Þetta var síðasti leikur Víkinga í Lengjubikarnum þetta árið en liðið endaði 5. sæti af sex liðum í riðlinum. Bikarinn byrjaði ekki vel hjá Víkingum en þeir töpuðu fyrstu þremur leikjunum. Andinn kom þó yfir liðið á lokametrunum.

um og tóku þeir sigur úr seinustu tveimur leikjunum en báðir voru heimaleikir.

Víkingur mun spila í 2. deild Íslandsmóts KSÍ í sumar og heim-

sækir liðið Víði í Garðinn laugardaginn 3. maí þar sem fótballtsumarið mun hefjast fyrir alvöru.

SJ

Lóa nýsköpunarstyrkir

Opið er fyrir umsóknir í Lóa sem útteilir nýsköpunarstyrki um utan höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk styrkjanna er að auka við nýsköpun á landsbyggðinni og styðja við eflingu byggða með skapandi verkefnum. Í ár er áhersla lögð á verkefni sem fela í sér hagnýtingu stafræna lausna, þróun og nýt-

ingu tæknilausna í heilbrigðismálum og verkefni sem stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda eða afurða á skapandi hátt. Hvert verkefni getur fengið að hámarki 20% af heildarúthlutun árs hvers en í ár eru 100 milljónir króna í pottinum. Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2025.

JJ



LÓA
NÝSKÖPUNARSTYRKIR
FYRIR LANDSBYGGÐINA



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111



Árshátíð

Grunnskóla Snæfellsbæjar

Árshátíð Lýsudeildar

föstudaginn **28. mars kl. 18:00.**

Nemendur leik- og grunnskóla
sýna nokkur leikatriði.

Árshátíð miðstigs

fimmtudaginn **3. apríl kl. 17:00**

í félagsh. Klifi.

Sett verður upp leikverkið

Mamma klikk

eftir Gunnar Helgason.

Árshátíð yngsta stigs

þriðjudaginn **8. apríl kl. 17:00**

í félagsh. Klifi.

Sett verður upp leikverkið

Dýrin í Hálsaskógi

eftir Thorbjörn Egner.

Hlökkum til að sjá ykkur!